

3. fundur IOTA deildar starfsársins 2023-2024 – jólafundur – haldinn í sal Sjálfstæðisflokksins á Ísafirði miðvikudaginn 6. desember 2023.

Mættar voru 14 konur. Ása setti fundinn og kveikti á kertum.

Gestur fundarins, Marta Hlín Magnadóttir hjá Bókabeitunni, kom til okkar í gegnum fjarfundarbúnað – en Eiríkur Örn Nordahl rithöfundur sem hafði ætlað að koma til okkar í persónu og segja frá nýju bókinni sinni var með Covid og komst ekki.

Marta Hlín sagði okkur frá útgáfunni sjálfri sem hún ásamt annarri stofnaði árið 2011 og hafa þær fyrst og fremst unnið að útgáfu barna- og unglingsbóka, en þar er að finna mikið af skemmtilegum bókum og bókaflokkum. Það var samdóma álit fundarkvenna að þarna væru bækur sem vert væri að skoða betur fyrir skólana og börnin.

Smurbrauði frá veitingastaðnum LOGNI voru gerð góð skil og kaffi og konfekt á eftir.

Edda B. Kristmundsdóttir var með orð til umhugsunar og var útgangspunkturinn les- og málskilningur barna og ungmenna og fléttaði hún PISA-umræðuna sem er mjög hávær þessa dagana inn í sitt mál. Það sköpuðust fjórlegar umræður sem allar báru að sama brunni, það þarf að finna samfélagslega lausn, því það er hvorki skólinn einn né foreldrar einir sem geta lagað þetta ástand.

Liðurinn «Kona kynnir sig» var næstur á dagskrá og undirrituð kynnti sig.

Ása formaður minnti á að nú styttest í aðalfund og þá færu fram stjórnarskipti – eða rótering – og þyrfti að fá fram uppstillinganefnd til að finna kandiðata í næstu stjórn. Steinunn Guðmunds, Pernilla Rein og Dagný Sveinbjörns eru í þeirri nefnd.

Minnt var á að bókafundurinn verði næsti fundur, mánudaginn 22. janúar, haldinn heima hjá Hildi Halldórsdóttur að Móholti 4.

Fundi slitið kl. 20.30

Jónína Hrönn Símonardóttir
fundarritari.